Reykjavík, 23. maí 2022

Ágæti próftaki.

IÐAN fræðslusetur hefur móttekið umsókn þína um töku sveinsprófs í bifreiðasmíði.

Sveinsprófið fer fram í Borgarholtsskóla, og verður haldið **dagana 13. – 16. júní nk.**

Vegna fjölda þátttakanda verður próftökum skipt í tvo hópa sem mæta ýmist í prófið mánudaginn 13. og þriðjudaginn 14. júní nk. eða miðvikudaginn 15. júní og fimmtudaginn 16. júní nk.

Hver próftaki hefur fengið úthlutaða prófdaga í tölvupósti.

Próftakar hafa allir komið í Borgarholtsskóla og þekkja aðstæður á prófstað ágætlega og verða þær ekki kynntar sérstaklega.

Próftökum ber að taka með sér vinnu- og hlífðarföt, öryggisskó og rykgrímur. Próftökum er heimilt að taka með sér áhöld til réttinga og plastsuðuviðgerða.

Prófið fer fram í tveimur hlutum. Annars vegar eru verklegir þættir og hins vegar skriflegar verklýsingar.

Próftaki byrjar á verki að fengnu leyfi prófdómara. Skráður er upphafstími verks en gefið er fyrir vinnuhraða. Próftaki lætur prófdómara vita þegar verki er lokið til að unnt sé að skrá verklok. Teknar eru myndir af ykkur í prófverkefnum.

Að loknu verki sem og á meðan á því stendur fer prófdómari yfir það og skráir hjá sér upplýsingar um framkvæmd próftaka. Þá leggur prófdómari spurningar fyrir próftaka um verkið, framkvæmd þess og atriði tengd því.

Upplýsingar um prófsýningu gefur sveinsprófsnefnd að loknu prófi.

Vinsamlega athugið að farsímar eru ekki leyfðir meðan próf stendur yfir að viðlögðum brottrekstri.

IÐAN fræðslusetur býður sveinsprófstökum náms- og starfsráðgjöf. Náms- og starfsráðgjafar geta meðal annars aðstoðað einstaklinga vegna prófkvíða.

Þeir aðstoða einnig þá sem þurfa sérúrræði við próftöku svo sem vegna lesblindu og þarf þá að framvísa viðeigandi gögnum vegna þess fyrir **1. júní nk**. Frekari upplýsingar fást hjá náms- og starfsráðgjöfum IÐUNNAR fræðsluseturs í síma 590-6400. Einnig er hægt að senda tölvupóst á radgjof@idan.is

F.h. sveinsprófnefndar
Inga Birna Antonsdóttir